

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar vegna stækkunar skógræktarsvæðis í Skálholti.

Skipulagsstofnun staðfesti 21. nóvember 2022 breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 sem samþykkt var í sveitarstjórn 22. júní 2022.

Í breytingunni felst að skógræktarsvæði SL12 í Skálholti, norðan Skálholtsvegar, stækkar úr 38 ha í 181 ha. Landbúnaðarsvæði minnkar til samræmis.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 21. nóvember 2022.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 2. desember 2022